

Innra mats skýrsla

Hulduheimar skólárið 2024-25.

Júní 2025

Sólveig Dögg Larsen

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Fundaáætlun/starfsáætlun um innra mat	3
Niðurstöður mats.....	4
Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófíll	4
Stjórnun og daglegur rekstur	5
Niðurstaða.....	5
Uppeldis og menntastarf- Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	6
Foreldrasamstarf	7
Umbótaáætlun/aðgerðaáætlun næsta skólaárs.....	1
Stjórnun og daglegur rekstur	1
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi.....	1
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur.....	2
Faglegt samstarf.....	3
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	4
Uppeldis- og menntastarf	7
Foreldrasamstarf	10
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun.....	10
Viðhorf foreldra	12

Inngangur

Markmið gæðamatsteymis Hulduheima er að skólinn bæti stöðu sína kerfisbundið frá ári til árs. Hlutverk þess er að setja upp matsáætlun, safna gögnum þar sem stuðst er við gæðaviðmið Árborgar og að sjá til þess að unnið sé að umbótum.

Undanfarin ár hefur verið starfandi matsteymi sem hefur haldið utan um allt innra mat í Hulduheimum. Fyrir teyminu fer aðstoðarleikskólastjóri en auk hans hafa tveir kennarar starfað í teyminu. Þetta skólaár var nafni teymisins breytt í gæðamatsteymi og á vorönn var bætt við fulltrúa foreldra sem jafnframt er starfsmaður leikskólans. Á næsta skólaári er þó fyrirhugað að fá annan fulltrúa foreldra en að starfsmaðurinn haldi áfram í gæðamatsteyminu, það verða þá alls 5 aðilar starfandi í teyminu. Gæðamatsteymið fundaði nokkrum sinnum yfir skólaárið en á næsta skólaári verður fundað oftari og reglulegar.

Þessi skýrsla staðfestir þá stöðu sem matið leiddi af sér. Við erum spennt að takast á við umbæturnar á næsta skólaári og að vinna að bættum gæðaprófi Hulduheima.

Gæðamatsteymi Hulduheima.

Fundaáætlun/starfsáætlun um innra mat

Unnið var eftir vinnuáætlun gæðamatsteymis fyrir veturinn 2024-2025. Vinnuáætlunin var byggð á matsáætlun og umbótaáætlun Hulduheima fyrir skólaárið en tók breytingum samhliða samræmingu allra leikskólanna og tilkomu gæðahandbókarinnar.

Samkvæmt samráði leikskólastjórnenda í Árborg var ákveðið að meta þættina:

- Stjórnun og daglegur rekstur- faglegt samstarf (við mátum allt undir stjórnun.)
- Leikur og nám ; lýðræði jafnrétti og þátttaka barna.
- Foreldrasamstarf- viðhorf foreldra (við mátum allt undir foreldrasamstarf).

Einnig var ákveðið að meta námssviðið *Sköpun og menning* en það er liður í endurskoðun námskrár Hulduheima og hefur einn námsþáttur verið tekinn fyrir undanfarin ár. Þessi námsþáttur er sá síðasti.

Með tilkomu nýrrar menntastefnu Árborgar til ársins 2030 var tekinn tími á skipulagsdögum á haust- og vorönn til þess að rýna í hvar leikskólinn stæði varðandi leiðarljósin og stöðirnar. Þeir umræðupunktur nýtast í nýja námskrá Hulduheima og einhverjir umbótaþættir fara inn í umbótaáætlun.

Við matið var leitað ýmissa leiða til að gefa starfsfólki, nemendum og foreldrum tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa áhrif. Þar má nefna starfsmannasamtöl, matslista fyrir starfsfólk bæði þar sem svarað var einstaklingslega eða sem hópur (s.s. deildarfundir), rafrænar skoðanakannanir starfsfólks (á vegum

Árborgar), broskarlamat barna, rýnihópar barna, foreldraviðtöl og foreldrakannanir (bæði Skólapúlsinn og könnun á vegum Hulduheima). Einnig voru umræðuhópar starfsfólks á skipulagsdögum. Öll þessi gögn voru nýtt í matinu auk fyrirbyggjandi gagna svo sem heimasíða, starfsáætlun, starfsmannahandbók, matsáætlun, aðrar áætlanir og verklagsreglur, fundargerðir, kynningarbæklingar, tölvupóstar og upplýsingar á facebooksíðu.

Niðurstöður mats

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum mats á þeim þáttum sem lágu til grundvallar. Fulltrúar í gæðamatsteymi fóru yfir matsþættina, ræddu þá með öll matsgögnin til hliðsjónar og báru saman við matsviðmið í gæðahandbókinni.

Matsviðmið gæðahandbókar eru eftirfarandi:

- **Mjög gott verklag** sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
- **Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi** en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
- **Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti**, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
- **Óviðunandi verklag**, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófíll

Stjórnun og daglegur rekstur	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðastæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Í niðurstöðu hvers kafla er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins, helstu styrkleikar og veikleikar. Að lokum eru nefndir þættir sem þarfnast umbóta.

Stjórnun og daglegur rekstur

Þrátt fyrir að allir leikskólar hefðu ákveðið að meta bara liðinn faglegt samstarf ákvað gæðamatsteymi Hulduheima að fara yfir alla liði sem falla undir þáttinn *Stjórnun og daglegur rekstur*.

Þau gögn sem nýtt voru til að máta við viðmið gæðahandbókar voru heimasíða, starfsáætlun, skólanámskrá, matsáætlun, foreldrakönnun (bæði okkar eigin á haustönn og Skólapúlsinn á vorönn), hópumræður starfsfólks um Menntastefnuna, Moodup kannanir starfsfólks, starfsmannasamtöl, endurmat haustannar, ráðningarferli og móttöka nýliða, tölvupóstar, fundargerðir og starfsmannahandbók.

Niðurstaða

Matið kom vel út, styrkleikar voru áberandi meiri en veikleikar. Helstu styrkleikar er að stjórnendur eru sýnilegir og almenn ánægja er með daglega stjórnun og upplýsingaflæði. Leikskólinn hefur verið í mikilli þróun eftir ytra mat árið 2022 enda hefur mikið umbótastarf verið unnið. Það sem má betur fara er að samræma betur störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna vegna sérfræðiþjónustu, að farið sé betur eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna, gera verklagsreglur og viðbrögð við slysum aðgengilegri og koma á virku samstarfi við aðila í grenndarsamfélaginu. Þörf á endurskoðun á námskrá leikskólans sem og læsisstefnu kom berlega í ljós en þeir þættir eru í vinnslu.

Stjórnun og daglegur rekstur

Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi

Stjórnun og daglegur rekstur

Faglegt samstarf

Leikskólaþróun og símenntun

Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur

Helstu umbætur næsta árs:

- Klára endurskoðun námskrár Hulduheima m.t.t. nýrrar menntastefnu Árborgar og athugasemda í ytra mati leikskólans frá 2022.
- Skrifa nýja læsisstefnu leikskólans með hliðsjón af nýrri læsisstefnu Árborgar sem kemur út í ágúst.
- Endurskoða samráð og verlag vegna barna sem njóta sérstuðnings.
- Gera viðbrögð við slysum sýnileg á öllum deildum
- Koma á virku samstarfi við aðila í grenndarsamfélaginu.
- Hafa betra utnumhald um móttöku nýs starfsfólks
- Halda áfram að efla lýðræðisleg vinnubrögð og bæta samskipti og traust samkvæmt samskiptasáttmála
- Gera verklagsreglur um tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda skýrari og aðgengilegri.

- Uppfæra jafnréttisstefnu Hulduheima

Uppeldis og menntastarf- Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Þau gögn sem nýtt voru til að máta þennan lið við viðmið gæðahandbókar voru heimasíða, starfsáætlun, skólanámskrá, hópumræður starfsfólks um Menntastefnuna, niðurstöður úr matslista sem lagður var fyrir starfsfólk á deildum, niðurstöður úr endurmati haustannar, broskarlamat tveggja elstu árganga, rýnihópar barna.

Niðurstaða – Matið kom nokkuð vel út en tækifæri eru til umbóta. Þeir þættir sem komu best út voru þeir að börn eru hvött til að tjá sig um reynslu og tilfinningar og starfsfólk tilbúið að hlusta og virða sjónarmið þeirra. Jafnrétti og jöfn hlutdeild allra í barnahópnum birtast í starfi á deildum. Sjálfsprottnum leik og athöfnum barna er gefið nægjanlegt svigrúm. Það sem helst má bæta er að leita leiða til að fá fram raddir og sjónarmið barna, sérstaklega þeirra sem ekki hafa næga færni í tungumálinu. Börn mættu hafa enn meira val um viðfangsefni, þá einkum í skipulögðum stundum.

Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Helstu umbætur næsta árs:

- Leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum í samvinnu við börnin.
- Leita leiða til að ná fram sjónarmiði og fá fram raddir allra barna, að börnin komi reglulega að mati á starfinu
- Auka val í öllum stundum (hafa áhrif á viðfangsefni)
- Leita eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær

Foreldrasamstarf

Þrátt fyrir að leikskólar Árborgar hafi sammælt um að meta þáttinn um viðhorf foreldra ákvað gæðamatsteymi Hulduheima að meta einnig þátttöku foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun.

Þau gögn sem nýtt voru til að máta við viðmið gæðahandbókar voru heimasíða, starfsáætlun, skólanámskrá, starfsmannahandbók, matsáætlun, foreldrakönnun (bæði okkar eigin á haustönn og Skólapúlsinn á vorönn), foreldraviðtöl, hópumræður starfsfólks um Menntastefnuna, niðurstöður endurmats starfsfólks eftir vorönn, tölvupóstar, kynningarbæklingar deilda og facebooksíða Hulduheima.

Niðurstaða – Viðhorf foreldra til leikskólans er almennt mjög gott samkvæmt niðurstöðum skoðanakannana og fleiri gagna. Starfsfólk leikskólans kemur til móts við foreldra, stendur fyrir foreldraheimsóknum og veitir upplýsingar eftir bestu getu. Alltaf má auka tækifæri til þátttöku foreldra í leikskólastarfinu og með hvaða hætti þeir geta haft áhrif á skólastarfið.

Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun

Viðhorf foreldra

Helstu umbætur næsta árs:

- Hafa meira samráð við foreldraráð með reglulegum fundum og bæta upplýsingar um starfsemi foreldraráðs.
- Hafa meira samráð við foreldrafélag og hvetja þau til að vera virkur samstarfsaðili leikskólans til að finna tækifæri til að auka þátttöku foreldra í leikskólastarfinu.
- Skilgreina hvað eru viðkvæm mál, búa til skipulagt verklag þegar ræða þarf viðkvæm mál og meðferð viðkvæmra upplýsinga.
- Búa til samræmt verklag allra deilda um upplýsingaflæði til foreldra.

Umbótaáætlun/aðgerðaáætlun næsta skólaárs

Umbótaáætlun nær til allra þátta sem samkvæmt innra mati ber að fara í umbótaferli (allir þættir sem ekki ná **mjög góðu verklagi**).

Stjórnun og daglegur rekstur

Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Mótun stefnu leikskólans sé samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra	Við gerð námskrá og læsisstefnu: -foreldrakönnun -Samráð við for.ráð -Rýnihópar barna+ mat barna -Teymi sendir út umræðuefni í starfsmannahópinn	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2026	Endurmat vorannar Gátlisti vegna skólanámskrá -matsteymi	-Að allir foreldrar fái tækifæri til að koma sjónarmiðum á framfæri (slóð á könnun send í tölvupósti ofl) -Að börn í 2 elsta árgangi fái tækifæri til að hafa áhrif (ef þau geta). -að allt starfsólk fái tækifæri til að koma sjónarmiðum á framfæri (umræðuhópar, könnun ofl).
Áherslur aðalnámskrár og Árborgar endurspeglast í stefnu leikskólans	-Námskrárteymi myndað sem gætir þessa, -Sameiginlegt sniðmát námskráa leikskóla Árborgar	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2026	Gátlisti um skólanámskrá Metið á stjórnendaf. eða fagfundi	Aðalnámskrá leikskóla Menntastefna Árborgar.
Foreldrar þekki áherslur í stefnu leikskólans	Útbúa verklag um hvaða upplýsingum skal miðla til	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Foreldrak. Skólapúlsins	Að 90% eða fleiri foreldrar (sem svara könnun) hafi þekkingu á stefnu og námskrá leikskólans og yfir 90% foreldra telji sig vel

	foreldra og hvernig.					eða töluv. upplýsta um stefnu og námskrá.
--	----------------------	--	--	--	--	---

Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Stjórnendateymi samræmir störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna v. sérfræðipjónustu	-Búa til skýrt verklag þar sem koma fram grunnatriði sem verða að vera til staðar. Að allir sem vinna með börnin séu meðvitaðir um þarfir þeirra.	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2026	Endurmat vorannar 2025. Matsteymi rýnir í gögn	Að starfsfólki sem kemur að málefnum einstakra barna þekki það verklag sem gildir. Að sama skýra verklag gildi þó þarfir einstaklinga geti verið ólíkar
Unnið er eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna	-Búa til exelskjal til að halda utan um ferli hvers og eins. -Ekki fresta fyrirhuguðu samtali lengur en um viku. - að svigrúm sé gefið í starfinu til þjálfunar nýs starfsfólks. -Að kynna verklagið fyrir öllu starfsfólki.	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2026	Metið á stjórn.-fundi í lok haust- og vorannar.	Móttökuáætlun fyrir nýliða í leikskólum Árborgar. Að allt nýtt starfsfólk fari í gegnum ferlið eins og það er lagt upp með í móttökuáætlun.
Persónuupplýsingar eru varðveittar í	-Fara yfir öryggisblöð og hafa þar einungis	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Jan. 2026	Metið á stjórnenda	Að allar upplýsingar sem ekki varða öryggi barna séu í læstum hirslum eða

læstum hirslum eða í læstum skráum í tölvum.	nauðsynlegustu upplýsingar ef þarf í skyndi að hringja í foreldraþ - Búa til verklag um hvað telst undir viðkvæmar eða persónulegar upplýsingar og þurfa að vera læstar.				fundi í lok haust-annar. Gæðam.-teymi skoðar gögn	skráum í tölvum. Að sem fæst gögn sem innihalda persónuupplýsingar séu í umferð inni á deildum.
--	---	--	--	--	--	--

Faglegt samstarf

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í leikskólanum	-Að búa til samræmt verklag um hvaða lýðræðislegu vinnubrögð gilda og farið eftir á öllum deildum bæði hvað varðar börn og starfsfólk -Uppfæra jafnréttisáætlun Hulduheima -Gefa öllu starfsfólki tækifæri á að taka þátt í teymisvinnu	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Broskarla-mat Einstaklings mat starfsfólks. Stjórnenda-fundur Gæðam.-teymi skoðar gögn	-Að öllu starfsfólki sé gefinn kostur á að taka þátt í teymi. -Að meirihluti starfsfólks (95%) upplifi að það fái að hafa áhrif á starfið og koma skoðunum sínum á framfæri. -Að meirihluti barna (95%) á eldri deildum upplifi að þau geti haft áhrif á leikskólastarfið og leikumhverfi sitt. -Að allt starfsfólk telji að hlustað sé á börnin, að reynt sé að skilja þau sem tjá sig ekki með tungumáli og börnum leyft að hafa áhrif. -Athuga gæðaviðmið Árborgar

Samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila	-Halda áfram að innleiða samskiptasáttmálann -Grípa fljótt inn í ef upp koma samskipta-erfiðleikar. -Hafa verkaskiptingu og verklag skýrt á öllum deildum til að koma í veg fyrir misskilning	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2026	Einstaklings mat starfsfólks Starfsm.-samtöl Stjórnenda-fundur	Samskiptasáttmáli Hulduheima. Að meirihluti (95%) starfsfólks telji að samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila.
Virkt samstarf við aðila í grenndarsamfélaginu	-Taka upp samstarf elstu barna og 1. bekkjar í Sunnulæk um útinám. -Leita fleiri leiða til að virkja samstarf í grenndarsamf.	Stj.-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Stjórn.f. Endurmat starfsfólks	Að virkt samstarf sé a.m.k við eina stofnun í grenndarsamfélaginu á hverju skólaári

Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Í skólanámskrá eru birtar þær upplýsingar sem ber að birta skv aðalnámskrá og Menntastefnu Árborgar	Námskrárteymi myndað sem gætir þessa. Sameiginlegt sniðmát námskráa leikskóla Árborgar.	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2026	Gátlisti um skólanámskrá Metið á stjórnendaf. og Gæðamatsteymi.	Að upplýsingar séu í samræmi við : Aðalnámskrá leikskóla Menntastefnu Árborgar.

Starfsfólk tekur þátt í gerð skólanámskrár, samráð haft við börn og foreldra eftir því sem við á	Við gerð námskrár: -foreldrakönnun -Samráð við for.ráð -Rýnihópar barna+ mat barna -Teymi starfsfólks sendir út umræðuefni í starfsmanna-hópinn.	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2026	Endurmat vorannar	-Að allir foreldrar fái tækifæri til að koma sjónarmiðum á framfæri (slóð á könnun send í tölvupósti ofl) -Að börn í 2 elsta árgangi fái tækifæri til að hafa áhrif (ef þau geta). -að allt starfsólk fái tækifæri til að koma sjónarmiðum á framfæri (umræðuhópar, könnun ofl).
Starfsmannahandbók er til á deildum og er uppfærð reglulega	-Útbúa litla handbók fyrir hverja deild þar sem allir verkferla og samræmd vinnubrögð er að finna -Uppfæra starfsm.handb. sem er í undirbúnings-herbergi og gera hana einfaldari eða skýrari.	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2026	Metið á stjórn.-fundi að vori. Matsteymi skoðar gögn Einstaklingsmat starfsfólks	Að starfsfólk hafi aðgang að verklagi ýmissa þátta inni á deild. Að starfsfólk viti hvar starfsmannahandbókina er að finna og geti auðveldlega leitað í henni.

Verklagsreglur um viðbrögð á slysum liggja fyrir og eru aðgengilegar öllum	-útbúa blað með viðbrögðum við helstu slysum og hengja upp á öllum deildum	Stjórn. teymi	Haust 2025	Jan. 2025	Matsteymi - fyrirbyggjandi gögn	Að starfsfólk eigi auðvelt með að sjá blaðið og að það sé uppið
Unnið er eftir verklagsreglum og viðbrögðum við slysum	-tilkynna alltaf um slys og næstum slys -öryggisreglur -útbúa eða yfirfara verklag	Stjórn.-teymi Öryggis teymi	Haust 2025	Vor 2026	Matsteymi- fyrirbyggjandi gögn. Sjálfsmat starfsfólks? Endurmat vor	Að öllu starfsfólki sé kunnugt um verklagsreglur og viðbrögð við slysum Að farið sé eftir verklagsreglum
Starfsfólk þekkir til verklagsreglna um tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda	-Útbúa verklag í samstarfi við barnavernd og kynna fyrir starfsfólki -Hafa upplýsingar aðgengilegar	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2026	Matsteymi- fyrirbyggjandi gögn. Einstaklingsmat starfsfólks Endurmat vor	Að öllu starfsfólki sé kunnugt um verklagsreglur og viti hvar hægt er að leita eftir frekari upplýsingum. Að upplýsingar séu aðgengilegar.
Áætlun byggð á læsisstefnu hefur verið gerð og unnið er eftir henni	-Kynna læsisstefnu Árborgar fyrir starfsfólki -Stofna læsisteymi sem býr til læsisstefnu Hulduheima á grunni hinnar	Stjórn. teymi	Haust 2025	Vor 2027	Matsteymi- fyrirbyggjandi gögn Einstaklingsmat starfsfólks Stjórnendafundir	Læsisstefna Árborgar Að vorið 2027 sé búið að innleiða læsisstefnu Hulduheima og að allt starfsfólk þekki hana og vinni eftir henni.

	með aðkomu allra í leikskólasamfélaginu -Innleiða læsisstefnu Hulduheima.					
Framkvæmdaáætlun um jafnrétti liggur fyrir og unnið er eftir henni	Uppfæra jafnréttisáætlun Hulduheima	Stjórn. teymi	Haust 2025	Vor 2027	Matsteymi- fyrirliggjandi gögn Stjórnendafundur	Að vorið 2026 sé jafnréttisáætlun uppfærð og vorið 2027 sé ljóst að starfsfólk þekkir áætlunina og yfir 90% telur að farið sé eftir henni.

Uppeldis- og menntastarf

Leikur og nám- lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Börnin hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda (hópastarf ofl)	-Efla allt starfsfólk deilda í könnunar-aðferðinni. - Samræma verklag deilda um lýðræðislega starfs-hætti.	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2026	Endurmat vorannar 2026 Broskarla-mat barna. Gæðateymi fer yfir gögn	-Að á öllum deildum þar sem eru börn 3 ára og eldri sé unnið markvisst með aðferðum könnunaraðferðarinnar og börn fái að hafa áhrif á viðfangsefni og leiðir til rannsókna á efninu. -Að allt starfsfólk deilda þekki tilgang og verklag könnunaraðferðarinnar.

						-Að alltaf sé boðið upp á val í lok skipulagðrar stundar ef kennari hefur verið með innlögn.
Leitað er eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær	-Könnunaraðferðin nýtt til þessa. - Efla allt starfsfólk deilda í könnun.	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2026	Endurmat vorannar 2026 eða einstaklings mat starfsfólks Broskarlam.	-Að á öllum deildum þar sem eru börn 3 ára og eldri sé unnið markvisst með aðferðum könnunaraðferðarinnar og börn fái að hafa áhrif á viðfangsefni og leiðir til rannsókna á efninu -Að allt starfsfólk deilda þekki tilgang og verklag könnunaraðferðarinnar.
Börnin koma reglulega að mati á leikskólastarfinu	-Meta t.d í samverustundum, matsteymi kemur inn með spurningar eftir því sem við á. - Prófa kosningar	Matsteymi Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2026	Stjórn.-fundur des. Endurmat vorannar 2026	-Að 3 elstu árgangar leikskólans komi að innra mati (eftir getu og þroska) a.m.k fjórum sinnum yfir skólaárið.
Leitað er leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa öðlast næga færni í tungumálinu	-Halda áfram að innleiða leikskráningar. -Nota myndir við innra mat barna. -Fræðsla til starfsfólks um mismunandi tjáningarmáta barna.	Matsteymi Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Stjórn.-fundir Endurmat starfsfólks einstaklings - og/eða deildarmat	-Að öll börn fái tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri eftir getu og þroska. - Að starfsfólk (95%) telji sig vera að leita leiða til að skilja sjónarmið allra barna og taki þau til umhugsunar. -Að starfsfólk sé upplýst um hvaða leiðir er hægt að fara til að fá fram raddir barna.

	-Atferlisskráningar.					
Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að ná fram sjónarmiði barna.	-Halda áfram að innleiða leikskráningar -Nota myndir við innra mat barna -Meta oftár í samverustundum -Prófa að vera með kosningar um ákveðin málefni -Rýnihópar barna -Atferlisskráningar	Matsteymi Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Stjórn.-fundir Endumat starfsfólks einstaklings - og/eða deildarmat Broskarla-mat barna.	-Að öll börn fái tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri eftir getu og þroska. - Að starfsfólk (95%) telji sig vera að leita leiða til að skilja sjónarmið allra barna og taki þau til umhugsunar.
Í samvinnu við börnin er leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum s.s. umhverfisvernd og góðgerðarstarfsemi	Allar eldri deildir velji sér eitt verkefni til að taka þátt í hvað varðar umhverfisvernd eða góðgerðarstarfsemi.	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Stjórn.-fundir Endurmat starfsfólks deilda	Að einhver hluti barna taki þátt í a.m.k einu samfélagsverkefni á skólaári.
Börnin hafa val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og frjálsum leik	-Efla allt starfsfólk deilda í könnunaraðferð -Skilgreina hvað felst í því að börnin hafi meira val og fræða starfsfólk.	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2026	Stjórn.-fundir Endurmat starfsfólks Broskarlam.	-Að börnin hafi alltaf val í frjálsum leik. -Að í skipulögðum stundum hafi börn val um viðfangsefni og aðferðir allan eða hluta stundar. - Að börnin hafi greiðan

	-Samræma verklag.					aðganga að leikefni deildar.
--	-------------------	--	--	--	--	------------------------------

Foreldrasamstarf

Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Foreldrar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og þróun þess	-Útbúa verklag um hvaða upplýsingum skal miðla til foreldra og hvernig hægt sé að hvetja þá til þátttöku - Að bjóða foreldrum að taka þátt í könnun með einhverjum hætti ef það á við. -Bjóða oftari upp á heimsóknir til að taka þátt í starfi.	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Stjórnenda-fundir Endurmat deilda Foreldrak. Skólapúlsins	-Að 85% eða fleiri foreldrar (sem svara könnun) upplifi að þeir séu hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu. -Að allar deildir bjóði upp á foreldraheimsóknir á deildina til að taka þátt í starfi a.m.k einu sinni á önn.
Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans	-Að hvetja foreldra meira til að taka þátt í viðburðum -Hafa samráð/könnun um það hvaða tími	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Stjórnenda-fundir Endurmat deilda	-Að 80% eða fleiri foreldrar séu sáttir við tímasetningu viðburða þannig að þeir geti sótt þá. -Að meira en 50% foreldra á hverri deild taki þátt í

	hentar flestum til að sækja viðburði.				Foreldrak. Skólapúlsins	viðburðum á vegum deildar eða skólans í heild.
Skipulagt verklag er í leikskólanum þegar ræða þarf við foreldra um viðkvæm mál	-Búa til verklag þar sem skilgreint er hvað eru viðkvæm mál og hvaða leiðir við förum	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2026	Stjórn.-fundur Gæðamats-teymi	Fyrirliggjandi gögn þegar verklag er komið.
Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum eru á heimasíðu leikskólans	-Bíða eftir að heimasíður leikskóla Árborgar verði samræmdar og hvort að verði boðið upp á pólsku og ensku	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Stjórn.-fundur Gæðamats-teymi	Fyrirliggjandi gögn þegar verklag er komið. Ef leikskólar Árborgar verða ekki með þennan möguleika á sínum heimasíðum er lítið sem við getum gert annað en hvetja foreldra til notkunar á þýðingaröppum.
Foreldraráð fundar reglulega, hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur, boða fundi með dagskrá og hefur fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu leikskólans, á samráð við foreldrahópinn þegar við á.	-Hvetja foreldra til þátttöku í foreldraráði. -Upplýsa foreldraráð betur um ábyrgð og æskilegt verklag. -Fylgjast með að farið sé eftir verklagi.	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Stjórn.-fundur Gæðamats-teymi	Að í lok hvers skóláars liggi fyrir gögn um að þetta hafi verið gert og fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu. Að fundað hafi verið í foreldraráði a.m.k einu sinni á önn.
Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili leikskólans, styður við leikskólastarfið	Hvetja foreldra til þátttöku í stjórn foreldrafélags	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Stjórn.-fundur Fundur	Að stjórnendateymi og stjórn foreldrafélags upplifi að þau séu í virku samstarfi.

og skipuleggur viðburði	-Upplýsa foreldrafélag betur um hlutverk þess -Leita oftast eftir aðstoð eða aðkomu foreldrafélags.				stjórnar foreldraf.	
-------------------------	--	--	--	--	---------------------	--

Viðhorf foreldra

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans	-Að leggja metnað í að gera stefnu og námskrá skýra og aðgengilega og færa rök fyrir markmiðum okkar.	Stjórn.-teymi	Haut 2025	Vor 2027	Stjórnenda-fundir Foreldrak. Skólapúlsins og auka spurningar ef þarf. Foreldra-viðtöl	-Að 90% eða fleiri foreldrar (sem svara könnun) séu mjög eða frekar ánægðir með stefnu leikskólans.
Foreldrar upplifa að markvisst sé unnið að stefnu og markmiðum leikskólans	Að leggja metnað í að gera stefnu og námskrá skýra og aðgengilega og færa rök fyrir markmiðum okkar	Stjórn.-teymi	Haut 2025	Vor 2027	Stjórnenda-fundir Foreldrak. Skólapúlsins og auka spurningar	-Að 90% eða fleiri foreldrar (sem svara könnun) upplifi að markvisst sé unnið að stefnu og markmiðum skólans.

					ef þarf Foreldraráð	
Foreldrum finnst komið til móts við þarfir og réttindi barns síns	-Að skýra verkferla þegar kemur að sérstuðningi barna -Að markmið leikskólans í skólanámskrá séu skýr þegar kemur að farsæld og velferð barna -Að kynna verkferla vel fyrir starfsfólki og foreldrum	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Foreldrak. Skólapúlsins og auka spurningar ef þarf Foreldra-viðtöl Stjórn.fund Fundir gæðamatst.	-Að 90% eða fleiri foreldrar (sem svara könnun) finnst komið til móts við þarfir og réttindi barns síns.
Aðbúnaður barnanna er góður að mati foreldra-hollt mataræði	-Láta vita að í foreldrakönnun hafi komið fram að margir foreldrar eru ósáttir við gæði matarins sem boðið er upp á og að gæði séu lakari eftir að matargerð var flutt úr húsi.	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Foreldrak. Skólapúlsins og auka spurningar ef þarf	-Að 90% eða fleiri foreldrar (sem svara könnun) séu mjög eða frekar sammála um að aðbúnaður barnanna sé góður.
Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í leikskólann	-Gera verklag fyrir samskipti við foreldra. -Leita til foreldraráðs	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Stjórnenda-fundir Foreldra-viðtöl Foreldrak.	-Að 90% eða fleiri foreldrar (sem svara könnun) upplifi að þeir séu velkomnir í leikskólann

	og/eða foreldrafélags um hvernig bæta megi móttökur.				Skólapúlsins Og auka spurningar ef þarf	
Foreldrar eru ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum	Útbúa verklag um hvaða upplýsingum skal miðla til foreldra og hvernig	Stjórn.-teymi	Haust 2025	Vor 2027	Stjórn.fund Foreldra-viðtöl og for.könnun	-Að 90% eða fleiri foreldrar (sem svara könnun) séu mjög eða frekar ánægðir með upplýsingagjöf leikskólans